

Fundur fagraðs um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Selfossi
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	22.11.2017
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>	Erna Bjarnadóttir		
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Baldur , Baldur Helgi Benjamínsson, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Þóra Jónasdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir fundarritari		

Umræða

1. Fundagerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Tekin er fyrir að umsókn sem snýr að því að kanna ónæmissvar bleikju gegn sýkingum af völdum kylaveikibróður bakteríunnar *Aeromona salmonicida* undirtegund *achromogenes* og nýrnaveikibakteríunnar *Renibacterium salmoninarum* yfir 8 vikna tímabil frá sýkingu til að rannsaka bæði bráðasvar sýkingarinnar og sérhæfða svarið.
Fagrað hefur kynnt sér umsóknina og telur álag á tilraunadýrin siðferðislega verjandi með tilliti til þess ávinnings sem af tilrauninni hlýst enda sé meðferð og meðhöndlun dýranna í samræmi við ákvæði laga og reglugerða auk þess sem skilgreindur „mannúðlegur endapunktur“ (humane endpoint) verður virtur. Fagrað veitir jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
3. Úrskurður ANR, eyrnaklippingar villikatta með stýfingu á öðru eyra samhliða ófrjósemisaðgerð. Aðdragandi máls og úrskurður ANR kynnt. Frekari umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar, fundarmenn kynna sér aðferðina betur og ráðfæra sig við samstarfsaðila.
4. Fyrirkomulaga hreindýraveiða m.t.t. kálfa felldra hreinkúa. Aðdragandi og bréf MAST til UST dags. 3. ágúst sl. kynnt. Svarbréf UST dags. 6. nóvember sl. lagt fram og óskað eftir ráðgjöf fagraðs varðandi veiðar á hreinkúm. Svohljóðandi bókun var samþykkt: Fagrað ráðleggur að óskað verði eftir rannsókn sem miði að því að bera saman afkomu og afföll kálfa sem ganga með móður sinni yfir veturinn og kálfa felldra kúa í veiðum, þ.e. þeirra sem ekki njóta stuðnings móður yfir veturinn. Á meðan ekki er vitað um afdrif kálfa felldra kúa hér á landi þá ráðleggur fagrað að MAST beiti sér fyrir því að veiðitímabili hreinkúa sé stytta um tvær vikur og hefjist eigi fyrr en 15. ágúst til að stuðla að aukinni velferð og lífvænleika kálfanna.
5. Dýrasýningar, keppnir og dýr notuð til gjafa. *Umræðu frestað til næsta fundar.*
6. Önnur mál.
 - a. Breytt skipulag eftirlits - hvernig er hægt að greina skyndileg frávik - samstarf við félagsþjónustu og sveitarfélög. *Umræðu frestað til næsta fundar.*
 - b. Flutning smákálfa í sláturhús, túlkun á nýju reglugerðinni um flutninga. *Umræðu frestað til næsta fundar.*
 - c. Umsókn sem snýr að pörun þekkts arfbera „bógkreppu“ og söfnun lífsýna úr lömbum sem sýna einkenni erfðagallans bógkreppu barst MAST nýverið og óskað var eftir flýtimeðferð. Sé umsóknin tæk til afgreiðslu verður reynt að afgreiða umsögn fagraðs með tölvupóstum milli funda.

Fundir eru ekki haldnir í desember og næsti fundur áætlaður 24. janúar 2018.

Fundi slitið